

18.12.2008

80. maí

Til viðskiptanefndar Alþingis.

Alþingi  
Erindi nr. P 136/594  
komudagur 18.12.2008

Við eru á annað þúsund manns sem myndum félagsskap sem nefnist Réttlæti.is Við höldum úti heimasíðu og berjumst fyrir því að réttlætinu verði fullnægt gagnvart okkur og við fáum greitt það fé sem við lögðum inn í Landsbankann, en teljum okkur hafa orðið fyrir svikum og prettum bankans. Ummæli sumra þingmanna eru okkur óskiljanleg og sýna algjöra yfirborðsmennsku í umræðunni og á það þó sérstaklega um nokkra stjórnarandstöðupingmenn sem greinilega hafa ekki kynnt sér málið, eða sem væri enn verra ef þeir spila með bönkunum í blekkingarleiknum. Við sendum ykkur hérna nokkra punkta til skoðunar, þá höfum við fengið hjá hvortveggja viðskiptavinum og starfsmönnum bankans sem eru í okkar röðum, svo og fyrrverandi starfsmönnum.

Kveðja Ómar Sigurðsson.

Við teljum að brotið hafi verið gróflega á flestum þeim sem settu sparifé sitt í Peningamarkaðssjóð Landsbankans. Bankinn hafi þrífist á blekkingum.

1. Kynning á sparnaðarleiðinni var röng, hún var kynnt sem sparnaðarleið fyrir áhættufælna fjárfesta, sögð áhættulaus sparnaðarleið, raunar áhættuminnsta sparnaðarleiðin.
2. Markaðssetningin var í bestafalli siðlaus, en í versta falli ólögleg. Markhópunum var fyrst og fremst skipt í tvennt: Viðskiptavinir sem þjónustufulltrúarnir voru að þjónusta. Þjónustufulltrúarnir voru sendir á námskeið þar sem þeim var kennt hvernig þeir áttu að halda þessari sparnaðarleið að viðskiptavinunum, þar var m.a. í kynningunni að ekki ætti að nefna Landsvaka nema viðskiptavinurinn spyrdi sérstaklega, og svara ætti þá til að Landsvaki væri í raun Landsbankinn, en til að uppfylla öll lagaskyldi. Þjónustufulltrúarnir fengu greidda bónusa sem voru reiknaðir í punktakerfi fyrir þessi viðskipti, og síðan var aukagulrót að þeir tveir þjónustufulltrúar sem ávinnu sér flesta punktana fengu að launum viku ferð til Las Vegas allt frítt og riflegir dagpeningar. Þessi ferð var svo farin eftir fall bankans.
3. Skipulagðar voru úthringingar um kvöld og helgar. Til þessa verks voru fengin ungmenni á skólaaldri. Markhópurinn var fólk sem var fætt 1947 og fyrr sem sagt komið yfir sextugt. Þessi ungmenni höfðu stöðu reikninga viðskiptamanna Landsbankans fyrir framan sig, og gátu upplýst viðkomandi viðskiptamans um stöðu reikninga hjá honum, og gátu með þessu símtali fært úr bankabókum yfir á Peningamarkaðssjóðinn án nokkurrar undirskriftar, aðeins með þessu eina símtali. Þar sem ungmennin sem höfðu mjög takmarkaða þekkingu á bankaviðskiptum, og til eru dæmi þar sem þessi ungmenni höfðu aldrei heyrt á Landsvaka minnst. Þarna vakna nokkrar spurningar. Klárlega er þetta siðlaust, hugsanlega lögbrot og brot á bankaleynd.
4. Í peningamarkaðssjóði Landsbankans lágu skuldabréf fyrir 14.7 milljarða króna sem nemur 24.3% af eignarhlutfalli sjóðsins. Þá átti sjóðurinn skuldabréf í Straumi en

Samson Global Holding kjölfestu fjárfestir í Landsbankanum á 34% hlut í Straumi 8,4% var bundin í Eimskip, þá voru skuldabréf í Samson 5.2%. Samtals átti því peningamarkaðssjóður Landsbankans 41.1% í Landsbankanum og tengdum félögum. Nauðsinlegt er að kanna hvort þetta stenst þær innlendar reglur og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum undirgengist.

5. Við sem hér erum, og umbjóðendur okkar höfðum ekki hugmynd að fyrirtæki sem hétu Landsvaki væri til og vissum ekki til þess að við værum í viðskiptum við téð fyrirtæki, enda stóð það ekki til.

6. Ísland hefur undirritað svokölluðu MiFID tilskipun 10872007 um verðbréfavíðskipti. Markmið lagana er neytendavernd. Lögð er áhersla á aukið eftirlit faglega framkvæmd og upplýsingagjöf. Það liggur í augum uppi að þarna er víða pottur brotinn, og ábyrgð Landsbankans og Ríkissinns nokkuð augljós.